

Eins og að koma úr geimferð

Sagan bak við myndina


Ragnar Axelsson rax@mbl.is

Það hélaði á rúðurnar að innan og við reyndum að halda þeim hreinum, þússuðum þær stöðugt með öllum tuskum sem við fundum í vélinni. Lofthiti fyrir utan hefur verið mínus 65 gráður. Við vorum á fimm hundruð og fimmtíu km hraða í tólf km hæð í þotu á milli Íslands og Grænlands haustið 1986 að mynda sólmyrkva á eina staðnum þar sem hann mundi sjást frá jörðinni. Þess má geta að í venjulegu farþegaflugi er oftast flogið í kringum 33.000 feta hæð, við vorum í rúmlega 40.000 fetum. Það mátti ekki skeika meira en fimm kílómetrum, þá yrði allt unnið fyrir gýg.

Um borð voru fimm Íslendingar og fjórir Bandaríkjamenn í fyrstu einkaþotu Íslendinga í eigu Þotuflugs. Svitinn bogaði af okkur vegna spennu og einbeitingar. Það var eins og ósýnileg hönd drægi skugga eftir skýjunum á ógnarhraða, ég hafði aldrei séð neitt í líkingu við þetta áður. Menn báru óttablandna virðingu fyrir því sem var í vændum.

Vísindamenn höfðu reiknað út hvar myrkvinn myndi sjást best. Markmiðið var að ná myndum af því og sjá fjallaskörðin á tunglinu þegar geislar sólarinnar rétt skína yfir öllu yfirborði tunglsins og mynda einskonar hringmyrkva þar sem sólin myrkvast ekki að fullu. Þegar tunglið fer fyrir sólina sjást eldgos frá sólinni spýttast út í loftið af ógnarkrafti með mikilli litadýrð.

Við urðum að stóla á að flugstjórinn, Stefán Sæmundsson, yrði á réttum stað á réttum tíma. Amerísku vísindamennirnir höfðu reiknað út hvernig og hvar við ættum að vera. Þorsteinn Sæmundsson, sá merki stjörnufræðingur okkar Íslendinga, var efins um að útreikningar væru réttir og hafði yfirfarið þá síðustu vikurnar fyrir flugið og endurreiknað staðsetninguna þar sem myrkvinn myndi sjást. Það varð því




Hámark sólmyrkvans. Ferlið sem við sjáum á aðalmyndinni og tveimur

úr að flogið var eftir útreikningum Þorsteins. Stefán flugstjóri og Þorsteinn eru bræður og spjölluðu þeir sín á milli um staðsetninguna og flugið sjálft.

Sólin byrjaði að myrkvast um klukkan sex, rúmlega klukkustund fyrir myrkvann sjálfan. Þegar sólin og tunglið byrjaðu að skarast æddi skugginn áfram ofan á skýjahulunni á þrjú þúsund og þrjú hundruð kílómetra hraða, nálgadist óðfluga og fór fram úr okkur að lokum.

Allir voru tilbúnir með myndavélarnar til að smella myndum af stóru stundinni. Ég hef aldrei átt almennilegar myndavélar og hálfskammaðist mín með draslið mitt á meðan bandaríski vísindamaðurinn var með fjórar vélar límдар saman í hring. Þær áttu allar að smella af í einu. Tunglið myrkvaði ásjónu sólarinnar hægt í fyrstu en myrkvinn sjálfur átti að vera í tæpar fimm sekúndur. Nú reyndi á að hafa stáltaugar. Páll Reynisson, kvikmyndatökumaður sjónvarpsins, þússaði héluna af rúðunni hjá sér, ég reyndi að halda mínum glugga hreinum, þar sem ég lá á hnjúnum með linsuna alveg upp við gluggann og hélt niðri í mér andanum. Það var eins með alla þá sem voru um borð. Amerísku vísindamennirnir höfðu gefið okkur lítaða filmu eða fóliu sem þeir sögðu að best væri að hafa fyrir linsunni svo við myndum sjá hápunkt myrkvans. Ég hafði aldrei séð sólmyrkva áður, og var ekki viss hvort þetta væri rétt. Ég klippti filmuna niður og stakk henni ofan í gat á linsunni sem er gert sérstaklega fyrir filter. Ég sá að allir gerðu það sama og komu fóliunni fyrir fyrir framan linsurnar.

Nú var stutt í stóru stundina eða um fimmtán sekúndur. Það var eins og eitthvað segði við mig að þetta gæti ekki verið rétt. Það væri eins og að horfa á norðurljósin með sólgleraugum. Ég varð að hugsa hratt því það mátti ekkert klikka. Á




Reimur innfelldu myndunum tók aðeins tæpar fimm sekúndur.



Leiðangursmenn fagna eftir velheppnaða flugferð.

ég að hafa fólfuna yfir linsunni eða ekki, hugsaði ég með mér. 10 sekúndur, 9, 8, 7, 6, 5 ... Skítt með það, þetta getur ekki verið rétt. Það mun verða of mikið myrkur þegar þetta gerist. Í einni andrá kippti ég lituðu plastfólfunni upp úr linsunni, fjórum sekúndum áður enn myrkvinn skall á, og hélt

niðri takkanum á myndavélinni eins og vélbyssu og kláraði filmuna. Það var stórkostleg sjón að sjá eldrautt lithvolf sólarinnar við tunglörndina. Það er öðruvísi í dag að mynda með stafrænum myndavélum þar sem maður getur haft fleiri hundruð myndir á disknum og skoðað þær strax.



Baksíða og innsíða í Morgunblaðinu 4. október 1986.

Ég átti bara tuttugu myndir eftir á filmunni í hámarki sól-myrvans. Ég stakkt filternum aftur fyrir linsuna þegar myrkvinn var búinn og myndaði sólina koma aftur í ljós.

Það var ekki laust við smááhuggjur á heimleiðinni af því hvort ég hefði klúðrað málunum eða ekki. Ég varð að taka myndina á svo litlum hraða, mátti alls ekki hreyfa mig. Það var engin leið að vita það fyrr en búíð var að framkalla filmuna. Við lentum á Grænlandi, tókum eldsneyti og flugum heim.

Komutími var nálægt miðnætti og undir venjulegum kringumstæðum hefðum við ekki náð þessari mynd í blaðið daginn eftir vegna þess að litfilmur voru framkallaðar úti í bæ á þeim tíma. En það voru aðrar aðstæður. Leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjovs átti að vera í Höfða eftir nokkra daga

og allar fréttastofur heimsins voru komnar til Íslands. AP-fréttastofan var með bækistöð í Morgunblaðshúsinu og hafði framköllunarvélar tilbúna sem gátu framkallað litfilmur. Við fengum að framkalla filmurnar í einum grænum hjá þeim þessa nótt.

Það var ólýsanleg tilfinning þegar í ljós kom að myndin hafði tekist. Það var eins og að koma úr geimferð eftir að hafa hitt karlinn í tunglinu.

Annar ekki síðri félagi beið eftir mér á jörðu niðri. Sigtryggur Sigtryggsson var fréttastjóri á vakt og var eins og indíáni í miðjum stríðsdansi. Hann varð mjög glaður, eins og svo oft áður, að sjá að myndin af þessum einstaka atburði hafði tekist. Gamla góða Víkingsöskrið ómaði um sali. Sigtryggur þekkir góða fréttamynd þegar hann sér hana og hvernig á að birta hana. Sem hann og gerði. Myndin fór einnig út um allan heim og birtist þar í helstu stórbliðum.

Það er svo merkilegt að þetta er eina myndin sem er til af þessum atburði því þeir sem höfðu filmufólfuna fyrir framan linsuna fengu bara svartar myndir, hringurinn sem allt snerist um sást ekki því fólian var of dökk. Það er gott að vera heppinn stundum. Ég deildi því myndum á alla vísindamennina sem voru með í ferðinni og voru að rannsaka hvort fjallaskörðin á tunglinu stemmdu við útreikningana.

Það fylgdi því stolt að vita að myndin stemmdi við allt sem Þorsteinn Sæmundsson hafði reiknað út, hann veit alveg upp á háir hvað hann er að gera. Það var ekki óþægileg tilfinning að hafa náð markmiðinu og átt þátt í leiðangri sem var markverður í alla staði.

Með þessa tilfinningu fór ég inn í næsta stóratburð í Íslandssögunni en það var leiðtogafundur forseta Sovétríkjanna og forseta Bandaríkjanna í Höfða.